# Föstudagur 18. ágúst



## SJÓNVARPIÐ

17.50 **Gosi (32)** (Pinocchio). Teiknimyndaflokkur um ævintýri Gosa. Þýðandi Jóhanna Þráinsdóttir. Leikraddir Örn Árnason.
18.15 **Villi spæta** (Woody Woodpecker). Bandarísk teiknimynd. Þýðandi Sigurgeir Steingrímsson.
18.45 **Táknmálsfréttir.**
18.50 **Austurbæingar** (Eastenders). Breskur framhaldsmyndaflokkur. Þýðandi Kristmann Eiðsson.
19.20 **Benny Hill.** Breskur gamanmyndaflokkur. Þýðandi Stefán Jökulsson.
19.50 **Tommi og Jenni.**
20.00 **Fréttir og veður.**
20.30 **Safnarar.** Bjarni Hafþór Helgason ræðir við Birnu Kristjánsdóttur húsfreyju á Dalvík en hún á um 12.600 spilabók, 300 gleraugu og fjölskrúðugt safn póstkorta, jólakorta, lyklahringja og teskeiða.
21.00 **Valkyrjur** (Cagney and Lacey). Bandarískur sakamálamyndaflokkur. Þýðandi Kristrún Þórðardóttir.
21.50 **Grosvenor-stræti 92** (92 Grosvenor Street). Bresk sjónvarpsmynd frá árinu 1987. Leikstjóri Sheldon Larry. Aðalhlutverk Hal Holbrook, David McCallum, Ray Sharkey og Anne Twomey. Myndin gerist á stríðsárunum og fjallar um óreyndan ofursta sem fær það verkefni að gera skæruárás á Noreg og koma í veg fyrir að vísindamaður falli í hendur Þjóðverjum. Þýðandi Páll Heiðar Jónsson.
23.25 **Útvarpsfréttir í dagskrárlok.**

## STÖÐ 2

16.45 **Santa Barbara.**
17.30 **Fórnarlambið.** Sorry, Wrong Number. Sígild svart/hvít spennumynd í leikstjórn Anatole Litvak. Barbara Stanwyck fer með hlutverk auðugrar og hugsjúkrar eiginkonu en Burt Lancaster fer með hlutverk eiginmannsins sem gifti sig til fjár. Aðalhlutverk: Burt Lancaster og Barbara Stanwyck.
18.55 **Myndrokk.**
19.19 **19:19.** Fréttir og fréttatengt efni ásamt veður- og íþróttafréttum.
20.00 **Teiknimyndir.** Léttar og bráðsmellnar teiknimyndir fyrir alla aldurshópa.
20.15 **Ljáðu mér eyra...** Glóðvolgar fréttir úr tónlistarheiminum. Nýjustu kvikmyndirnar kynntar. 20.50 **Bernskubrek.** The Wonder Years. Gamanmyndaflokkur fyrir alla fjölskylduna. Aðalhlutverk: Fred Savage, Danica McKellar o.fl.
21.20 **Skilnaður: Ástarsaga.** Divorce Wars: Love Story. Lögfræðingurinn Jack er á besta aldri og vegnar vel í starfi. Hann býr með elskulegri eiginkonu sinni og tveimur börnum í Seattle og á yfirborðinu leikur allt í lyndi. Jack vinnur þó myrkranna á milli og má lítið vera að því að sinna fjölskyldunni. Aðalhlutverk: Tom Selleck, Jane Curtin og Candy Azzara. Leikstjóri: Donald Wrye.
22.55 **Í helgan stein.** Coming of Age. Léttur gamanmyndaflokkur um fullorðin hjón sem setjast í helgan stein. Aðalhlutverk: Paul Dooley, Phyllis Newman og Alan Young.
23.20 **Furðusögur III.** Amazing Stories III. Þrjár spennandi sögur með gamansömu ívafi úr furðusagnabanka meistara Spielbergs. Aðalhlutverk: Haley Mills, Stephen Geoffreys og Jon Cryer o.fl. Stranglega bönnuð börnum.
0.30 **Beint af augum.** Drive He Said. Körfuboltamaður er á hátindi ferils síns en á í miklum útistöðum við keppinaut sinn og bekkjarbróður. Það er líkast því sem olíu sé skvett á eld þegar eiginkona prófessors nokkurs fer á fjörurnar við þá báða. Aðalhlutverk: Michael Margotta, William Tepper og Bruce Dern. Leikstjóri: Jack Nicholson.

## Rás I FM 92,4/93,5

6.45 **Veðurfregnir.** Bæn, séra Jón Bjarman flytur.
7.00 **Fréttir.**
7.03 **Í morgunsárið.** með Ingveldi Ólafsdóttur. Fréttayfirlit kl. 7.30 og 8.30, fréttir kl. 8.00 og veðurfregnir kl. 8.15. Fréttir á ensku að loknu fréttayfirliti kl. 7.30. Lesið úr forustugreinum dagblaðanna að loknu fréttayfirliti kl. 8.30.
9.00 **Fréttir.**
9.03 **Litli barnatíminn:** Nýjar sögur af Markúsi Árelíusi eftir Helga Guðmundsson. Höfundur les (10.) (Einnig útvarpað um kvöldið kl. 20.00. Áður flutt 1985.)
9.20 Morgunleikfimi með Halldóru Björnsdóttur.
9.30 **Landpósturinn** – Frá Austurlandi. Umsjón: Haraldur Bjarnason.
10.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
10.10 **Veðurfregnir.**
10.30 **Aldarbragur** – Fatatíska fyrr og nú. Annar þáttur. Umsjón: Helga Guðrún Jónasdóttir. Lesari: Ólafur Haraldsson. (Einnig útvarpað kl. 21.00 næsta mánudag.)
11.00 **Fréttir.**
11.03 **Samhljómur.** Umsjón: Óskar Ingólfsson. (Einnig útvarpað að loknum fréttum á miðnætti.)
12.00 **Fréttayfirlit.** Tilkynningar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar. Tónlist.
13.05 **Í dagsins önn.** Umsjón: Anna M. Sigurðardóttir.
13.35 **Miðdegissagan:** Pelastikk eftir Guðlaug Arason. Guðmundur Ólafsson les (14.)
14.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
14.05 **Ljúflingslög.** Svanhildur Jakobsdóttir kynnir. (Einnig útvarpað aðfaranótt miðvikudags að loknum fréttum kl. 2.00.)
15.00 **Fréttir.**
15.03 **Að framkvæma fyrst og hugsa síðar.** Fimmti þáttur af sex í umsjá Smára Sigurðssonar. (Frá Akureyri) (Endurtekinn þáttur frá miðvikudagskvöldi.)
16.00 **Fréttir.**
16.03 **Dagbókin. Dagskrá.**
16.15 **Veðurfregnir.**
16.20 **Barnaútvarpið** – Létt grín og gaman. Tónlistargetraun, kvikmyndaumfjöllun, orðaleikir og fleira. Umsjón: Sigríður Arnardóttir.
17.00 **Fréttir.**
17.03 **Tónlist á síðdegi.** Tónlist eftir George Gerswin og negrasálmar.
18.00 **Fréttir.**
18.03 **Að utan.** Fréttaþáttur um erlend málefni. (Einnig útvarpað að loknum fréttum kl. 22.07.)
18.10 **Á vettvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Einnig útvarpað í næturútvarpi aðfaranótt mánudags kl. 4.40.) Tónlist. Tilkynningar.
18.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Tilkynningar.**
19.32 **Kviksjá.** Umsjón: Freyr Þormóðsson og Ragnheiður Gyða Jónsdóttir.
20.00 **Litli barnatíminn:** Nýjar sögur af Markúsi Árelíusi eftir Helga Guðmundsson. Höfundur les (10.) (Endurtekinn frá morgni. Áður flutt 1985.)
20.15 **Lúðraþytur** – Frá 20 ára afmælistónleikum Sambands íslenskra skólalúðrasveita. Úrvalssveit S.Í.S.L. leikur verk eftir Joseph Haydn og Vaughan Williams. Skarphéðinn Einarsson kynnir.
21.00 **Sumarvaka.** Um leiklist í Reykjavík fyrr á tíð. Lesið úr frásögum fólks af starfi Leikfélags Reykjavíkur, flutt brot úr leikritum og einnig lög úr leikverkum íslenskra höfunda. Umsjón: Gunnar Stefánsson
22.00 **Fréttir.** .
22.07 **Að utan.** Fréttaþáttur um erlend málefni. (Endurtekinn frá sama degi.)
22.15 **Veðurfregnir.** Orð kvöldsins. Dagskrá morgundagsins.
22.30 **Danslög.**
23.00 **Kvöldskuggar.** Þáttur í umsjá Jónasar Jónassonar.
24.00 **Fréttir.**
00.10 **Samhljómur.** Umsjón: Óskar Ingólfsson. (Endurtekinn frá morgni.)
01.00 **Veðurfregnir.**
01.10 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.**

## Rás 2 FM 90,1

7.03 **Morgunútvarpið:** Vaknið til lífsins! Leifur Hauksson og Jón Ársæll Þórðarson hefja daginn með hlustendum. Fréttir kl. 8.00, veðurfregnir kl. 8.15 og leiðarar dagblaðanna kl. 8.30.
9.03 **Morgunsyrpa.** Eva Ásrún Albertsdóttir. Neytendahorn kl. 10.05. Afmæliskveðjur kl. 10.30. Þarfaþing með Jóhönnu Harðardóttur kl. 11.03. Gluggað í heimsblöðin kl. 11.55.
12.00 **Fréttayfirlit.** Auglýsingar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Umhverfis landið á áttatíu.** með Gesti Einari Jónassyni sem leikur þrautreynda gullaldartónlist.
14.03 **Milli mála.** Árni Magnússon á útkíkki og leikur nýju lögin. Hagyrðingur dagsins rétt fyrir þrjú og Veiðihornið rétt fyrir fjögur.
16.03 **Dagskrá.** Dægurmálaútvarp. Guðrún Gunnarsdóttir, Þorsteinn J. Vilhjálmsson, Lísa Pálsdóttir og Sigurður G. Tómasson. – Kaffispjall og innlit upp úr kl. 16.00. – Arthúr Björgvin Bollason talar frá Bæjaralandi. – Stórmál dagsins á sjötta tímanum.
18.03 **Þjóðarsálin,** þjóðfundur í beinni útsendingu, sími 91-38 500.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.32 **Íþróttarásin** – Íslandsmótið í knattspyrnu 1. deild karla. Íþróttafréttamenn lýsa leik KA og ÍA á Akureyrarvelli.
22.07 **Síbyljan.** Sjóðheitt dúndurpopp beint í græjurnar. (Endurtekinn frá laugardegi.)
00.10 **Snúningur.** Áslaug Dóra Eyjólfsdóttir ber kveðjur milli hlustenda og leikur óskalög.
02.00 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.** Fréttir kl. 7.00, 7.30, 8.00, 8.30, 9.00, 10.00, 11.00, 12.00, 12.20, 14.00, 15.00, 16.00, 17.00, 18.00, 19.00, 22.00 og 24.00.

**NÆTURÚTVARP**

02.00 **Fréttir.**
02.05 **Rokk og nýbylgja.** Skúli Helgason kynnir. (Endurtekið frá mánudagskvöldi.)
03.00 **Róbótarokk.** Fréttir kl. 4.00.
04.30 **Veðurfregnir.**
04.35 **Næturnótur.**
05.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
05.01 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
06.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
06.01 **Á frívaktinni.** Þóra Marteinsdóttir kynnir óskalög sjómanna. (Endurtekinn þáttur frá mánudegi á Rás 1.)
07.00 **Morgunpopp.** Svæðisútvarp Norðurlands kl. 8.10–8.30 og 18.03–19.00. Svæðisútvarp Austurlands kl. 18.03–19.00



## FM 98,9 Bylgjan

7.00 **Páll Þorsteinsson.** Stírurnar þurrkaðar úr augunum og gluggað í landsmálablöðin og gömlu slagararnir spilaðir.
10.00 **Valdís Gunnarsdóttir.** Lætur daginn líða fljótt með góðri tónlist, það er nú einu sinni föstudagur í dag.
14.00 **Bjarni Ólafur Guðmundsson.** Tónlist, afmæliskveðjur og óskalög í massavís.
17.00 **Hallgrímur Thorsteinsson – Reykjavík síðdegis.** Einn vinsælasti útvarpsþátturinn í dag því hér fá hlustendur að tjá sig. Síminn er **61-11-11.**
19.00 **Hafþór Freyr Sigmundsson.** Kominn í dansdressið og hitar upp fyrir kvöldið.
20.00 **Íslenski listinn.** Stjórnandi: Pétur Steinn Guðmundsson.
22.00 **Haraldur Gíslason.** Óskadraumur ungu stúlkunnar í ár er kominn á vaktina. Óskalög og kveðjur í síma **61-11-11.**
3.00 **Næturvakt Bylgjunnar.**
**Fréttir á Bylgjunni kl. 8, 9, 10, 11, 12, 13, 14, 15, 16, 17 og 18.**

## Stjarnan FM 102,2 & 104

7.00 **Þorgeir Ástvaldsson.** Fjallað er um menn og málefni líðandi stundar, bæði í alvarlegum jafnt sem gamansömum dúr. **Fréttir kl. 8 og 10 og Stjörnuskot kl. 9.**
9.00 **Gunnlaugur Helgason** syngjandi skemmtilegur á morgnana. Getraunir, hádegisverðarpotturinn alltaf á sínum stað **og auðvitað er fylgst með Bibbu í heimsreisunni. Alltaf á vakt, fréttir kl. 12 og 14. Stjörnuskot kl. 11 og 13.**
14.00 **Margrét Hrafnsdóttir.** Allir að komast í helgarstuð og tónlistin valin í samræmi við það. Stjörnuskáldið á sínum stað. Eftir sexfréttir geta hlustendur tjáð sig um hvað sem er í 30 sekúndur. Síminn er sem fyrr **681900. Fréttir á slaginu 16 og 18. Stjörnuskot kl. 15 og 17.**
19.00 **Snorri Sturluson.** Errekki obboslega dýrt oní? Onei, það kostar ekkert að hlusta á Snorra sem er kominn í stuð.
22.00 **Haraldur Gíslason.** Það er ekkert sem stöðvar **Halla** þegar hann er kominn á stað, óskalög og kveðjur í **611111.**
3.00 **Næturvakt Stjörnunnar.**

## Rót útvarp FM 106,8

9.00 **Rótartónar.**
12.30 **Goðsögnin um G. G. Gunn.** E.
13.30 **Tónlist.**
14.00 **Tvö til fimm** með Friðriki K. Jónssyni.
17.00 **Geðsveiflan.** Tónlistarþáttur í umsjá Alfreðs J. Alfreðssonar.
19.00 **Raunir** Reynis Smára.
20.00 **Þú og ég.** Unglingaþáttur í umsjá Guðlaugar.
21.00 **Gott bít.** Tónlistarþáttur með Kidda kanínu og atóm Geira.
23.30 **Rótardraugar.** Lesnar draugasögur fyrir háttinn.
24.00 **Næturvakt**



## Eff Emm 957

7.00 **Hörður Arnarson.**
9.00 **Sigurður Gröndal og Richard Scobie.**
11.00 **Steingrímur Ólafsson.**
13.00 **Hörður Arnarson.**
15.00 **Sigurður Gröndal og Richard Scobie.**
17.00 **Steingrímur Ólafsson.**
19.00 **Anna Þorláks.**
22.00 **Þorsteinn Högni Gunnarsson.**
1.00 **Sigurður Ragnarsson.**
3.00 **Nökkvi Svavarsson.**

## SKY CHANNEL

4.30 **Viðskiptaþáttur.**
5.00 **The DJ Kat Show.** Barnaefni.
7.30 **The Panel Pot Pourri.** Skemmti- og leikjaþáttur.
9.00 **The Sullivans.** Framhaldsþáttur.
9.30 **Sky by Day.** Fréttaþáttur.
10.30 **A Problem Shared.** Fræðsluþáttur.
11.00 **Another World.** Sápuópera.
11.55 **General Hospital.**
12.50 **As the Worlds Turns.** Sápuópera.
13.45 **Loving.**
14.15 **The Lucy Show.** Gamanþáttur.
14.45 **Sylvanians.** Teiknimynd.
15.00 **Poppþáttur.**
16.00 **The Young Doctors.**
16.30 **Three's Company.** Gamanþáttur.
17.00 **Sky Star Search.** Hæfileikakeppni.
18.00 **Sale of the Century.** Getraunaþáttur.
18.30 **Black Sheep Squadron.** Spennuflokkur.
19.30 **Figures in a Landscape.** Kvikmynd.
21.30 **Jameson Tonight.** Rabbþáttur
22.30 **Welcome Home Vietnam.** Tónlistarþáttur.

## SKY MOVIES

13.00 **The Pirate Movie.**
15.00 **The Flight of Dragons.**
17.00 **Beach Blanket Bingo.**
19.00 **Dirty Dancing.**
21.00 **The Holcroft Covenant.**
23.00 **Psych-Out.**
00.25 **Prizzi's Honour.**
03.00 **Dirty Dancing.**

## EUROSPORT

9.30 **Sund.** Frá Evrópumeistaramótinu í Bonn.
10.30 **Mobil Sport News.** Fréttir og fleira af kappakstri.
11.00 **Surfer magazine.** Brimbrettakeppni á Hawaii.
11.30 **British Open Horse Trials.**
12.30 **Heimsmeistarakeppnin í knattspyrnu.**
13.30 **Ástralska knattspyrnan.**
14.30 **Hjólreiðar.** Frá meistarakeppni í Lyons.
15.30 **Eurosport Menu.**
16.00 **Hafnarbolti.** Frá keppni í Bandaríkjunum.
17.00 **Sund.** Frá Evrópumeistaramótinu í Bonn.
18.00 **Rugby.** Ástralska deildin.
19.00 **Showjumping.** Evrópumeistarakeppni í Rotterdam.
20.00 **Frjálsar íþróttir.** Stigamót í Berlín.
21.00 **Hjólreiðar.** Frá meistarakeppni í Lyons.
22.00 **Sund.** Frá Evrópumeistaramótinu í Bonn.

## SUPER CHANNEL

13.30 **Off the Wall.** Poppþáttur.
14.30 **Hotline.**
16.30 **The Global Chart Show.** Tónlistarþáttur.
17.30 **Foley Square.**
18.00 **Ferðaþáttur.**
18.25 **Hollywood Insider.**
18.50 **Transmission.**
19.45 **Fréttir og veður.**
20.00 **Chart Attack.**
21.00 **In Concert.**
22.00 **Fréttir, veður og popptónlist.**

### Stöð 2 kl. 21.20:

# Skilnaður: Ástarsaga

Hinn þekkti leikari Tom Selleck leikur í Skilnaði: Ástarsögu, lögfræðinginn Jack Kaiser sem hefur atvinnu sína af skilnaðarmálum. Hann er þekktur á sínu sviði og hefur því nóg að gera, meira en nóg samkvæmt mati eiginkonu hans, Vickey, sem er heima og sér um börn og bú.

Jack er ákafur talsmaður hjónabandsins og er óspar á að útlista ágæti síns eigin hjónabands. Hann hefur þó gleymt að eiginkona hans er ekki eins ánægð og það hriktir í hjónabandinu. Tvö atvik verða til þess að Vickey heimtar skilnað og úr verður mikið dómsmál. Annað er það að Jack heldur framhjá með ungri stúlku. Hitt er að faðir Vickey ákveður að giftast stuttu eftir að móðir hennar deyr...

Þema myndarinnar er hinir tíðu skilnaðir hjóna, hvað kemur til og hvort þeir borgi sig og svo á hinn bóginn skilnaðarlögfræðingarnir sem eru eins og íþróttamenn í keppni þegar í réttarsalinn er komið.

-HK



Tom Selleck leikur þekktan skilnaðarlögfræðing sem lendir sjálfur í skilnaðarmáli.



Hal Holbrook og David McCallum leika aðalhlutverkin í föstudagskvikmynd Sjónvarpsins, Grosvenorstræti 92.

### Sjónvarp kl. 21.50:

# Grosvenorstræti 92

Föstudagskvikmynd Sjónvarpsins gerist í seinni heimstyrjöldinni og heitir Grosvenorstræti 92. Fjallar hún um tvo ólíka herforingja sem starfa í London. Annar þeirra er vísindamaður sem klæðst hefur hermannsjakka meðan á stríðinu stendur en hinn er atvinnuhermaður.

Þegar upp kemst að Þjóðverjar nýta sér þekkingu norsks vísindamanns til að koma sér upp atómsprengju vill atvinnumaðurinn strax láta lífláta vísindamanninn en vísindamaðurinn finnur til með starfsfélaga sínum og fær það í gegn að leiðangur er sendur til Noregs til að freista þess að ná honum úr höndum nasista.

Grosvenorstræti 92 er ný sjónvarpskvikmynd. Herforingjana tvo leika Hal Holbrook og David McCallum. Önnur stór hlutverk eru í höndum Ray Sharkey og Ann Tomey.

-HK

### Stöð 2 kl. 23.30:

# Furðusögur III

Furðusögur III inniheldur þrjár stuttar kvikmyndir sem tilheyra myndaflokknum Furðusögur (Amazing Stories) sem Steven Spielberg er framleiðandi að.

Eins og nafnið bendir til er hér um vísindaskáldskap að ræða og eru myndunum yfirleitt leikstýrt af þekktum leikstjórum. Má nefna að í kvöld eru tveir leikstjóranna þekktir hryllingsmyndasmiðir, Joe Dante og Tom Holland.

Fyrsta myndin heitir The Gribble. Þar uppgötvar Haylay Mills að ófreskja ein sem étur allt sem fyrir henni verður heldur sig í garðinum hennar og hefur ófreskjan, sem er meinleysisgrey, hug á íbúðarhúsi Mills.

Önnur myndin heitir Moving Day og fjallar um ungan táningspilt sem lítur út eins og aðrir krakkar á hans aldri. Hann veit ekki betur en hann sé mennskur, eða þar til foreldrar hans segja að kominn sé tími til að skipta um dvalarstað og er þá átt við að skipta um plánetu.

Þriðja myndin er Miscalculation sem fjallar um ungan mann sem uppgötvar formúlu sem lífgar við persónur á ljósmyndum. Hann hefur ekki átt mikilli velgengni að fagna í kvennamálum svo hann verður sér úti um blað með fallegum stúlkum.

-HK